



**Hundruð starfsmanna
vantar á SV-landi
Útgerð Eyjabáta frá
öðrum höfnum
eykur vinnu**

VINNU- VONIR EYJA- BÚA GÓÐAR

„Ætla má, að fólk vanti í Reykjavík í nokkur hundruð stöður að minnsta kosti“, var okkur tjáð hjá Ráðningastofu borgarinnar í morgun. Þótt nákvæmar tölur hafi ekki fengið, má telja, að hátt í 2 þúsund íbúar Eyja missi atvinnu, ef ekki verður unnt að snúa þangað aftur um sinn. Astandið í atvinnumáttum Suðvestanlands er þannig, að unnt ætti að vera að taka við mestum hluta þessa fólks.

Eyjameð munu ekki sitja auðum höndum. Þeir hafa ráðagerðir um útgerð þeirra óáta, sem þeir hafa komið með, og munu vera um 80 talsins. Þessa báta vilja þeir gera út frá öðrum höfnum. Þeir munu flytja fisk að landi og auka mjög vinnu á þeim stöðum sem taka við honum til vinnslu.

Atvinna er mikil nær alls staðar á Suðvesturlandi um þessar mundir og vertið að hefjast. Ætla má, að mörg hundruð vinnandi manna hefði skort innan skamms í nágrenni Reykjavíkur. Nú þegar vantar mannskap í Reykjavík. Bygginga-fyrirtæki auglýsa til dæmis stöðugt eftir fólki.

Þannig vantar fólk og mundi vanta meira innan tíðar, hefði brotflutningur fólks frá Eyjum ekki komið til, og í öðru lagi munu bátarnir frá Eyjum stórlega auka atvinnu á þeim stöðum, sem þeir verða gerðir út frá og flytja afla til.

.....og svo hefur atvinnuleysistryggingasjóður tvo milljarða.

Ef önnur sund lokaðust, hefur atvinnuleysistryggingasjóður um tvo milljarða króna upp á að hlaupa. Fólkið frá Eyjum hefur til þess rétt að fá atvinnuleysisbætur, þótt það sé atvinnulaust í Reykjavík. Atvinnuleysisbætur eru nú þessar: Fyrir kvæntan karlmann 427 krónur á dag og 40 krónur fyrir hvert barn, sem hann hefur á framfæri, þó aldrei meira en 571 krónu samtals fyrir fjölskyldu hans. Fyrir einhleyping eða gifta konu 370 krónur á dag og 40 krónur fyrir hvert barn á framfæri. Ef bæði hjóna er á styrk fá þau 370 krónur hvort, en þá er ekkert fyrir börn.

— HH.

Eldur í Kirkjubæ

Gosið magnast — vindátt að snúast. Hús hristast

Edda Andrésdóttir Eyjum í morgun:



Glóandi hraunslettur náðu að kveikja í húsi að Kirkjubæ í morgun, þó að sprungan sé í 2-300 metra fjarlægð. Ekki var unnt að sjá það úr lofti, að glóandi hraunslettur nærast svo langt. Mörg önnur hús eru samkvæmt þessu í hættu.

Eitt húsið í Kirkjubæ stendur nú í ljósum logum. Er það húsið, sem stendur næst við gosprunguna. Hraun þeyttist svo hátt í loft í morgun, að logandi hnullungarnir lentu á þaki hússins og eldur breiddist þegar út. Gríðastórir hnullungar þeytast í loft upp frá gosinu, og er talin mikil hætta að eins kunni að fara fyrir öðrum húsum á Kirkjubæ ef gos minnkar ekki. Lítil ástæða er fyrir slökkvilið að fara á vettvang, þar sem ekki er nokkur leið að komast að húsinu vegna gossins.

Feiknarmikið gos er nú í Eyjum og kveða við háar drunur og gríðarlegar sprengingar.

Hús, sem standa í miðjum bænum og nokkru vestar, hristast meira að segja öðru hvoru þegar mest á gengur. Vindátt er farin að snúast, og hætt við, að reyk-mökkurinn kunni að sveigja yfir bæinn.

Ekki er gott að vita hvernig fer, ef hnullungar ná að kveikja í öðrum húsum, sem eftir standa á Kirkjubæ, þar sem erfitt er fyrir slökkvilið að komast að húsum.

Í gærkvöldi var allmikið gos, en tók nokkuð að lægja með morgninum. Nú virðist gosið hins vegar vera að aukast talsvert, og glóandi eldtungur teygjast lengra upp í loftið en áður. Ekki hefur hraun enn náð að renna út fyrir barma vikurveggjanna og ekki hætta talin á, að svo verði, að minnsta kosti ekki sem stendur. Sumir eru þó svartsýnir og velta fyrir sér, hvort ekki kunni að brjótast út gos annars staðar á eyinni.

Síðustu fréttir Í hádeginu bárust þær fréttir frá fréttamönnum Vísis á staðnum að hinn geysimikli eldgígur hefði skyndilega opnast með þeim afleiðingum að hraunflóðið getur nú farið að renna til vesturs í átt að byggðinni í Eyjum og að höfninni. Lögreglan beinir nú öllum aðgerðum að því að bjarga verðmætum úr innbúi húsa og hefur orðið að sprengja dyr víða upp í þessu skyni.

Vopnahlé á laugardag

„Mikill léttir og endist vonandi,“ segja flestir

Eftir nær tveggja áratuga stríð í Vietnam verður nú loks bundinn endi á styrjöldina.

Nixon Bandaríkjaforseti tilkynnti í nótt, að vopnahléssamningur verði undirritaðir á laugardaginn — og að vopnahléð muni ganga í gildi á miðnætti þess dags.

Henry Kissinger og Le Duc

Tho undirrituðu til bráðabirgða samningana í gær eftir að hafa gengið frá endanlegu orðalagi samkomulagsins á fundum um helgina.

Í tilkynningu, sem Bandaríkin og Norður-Vietnam létu í samningu frá sér fara í nótt, var látin í ljós von um, að samningarnir gætu leitt til varanl. friðar í Indó-Kína. Undir þá ósk hafa öll lönd tekið, sem látið hafa í ljós viðbrögð sín við þessum áfanga. — Hafa flestir þegar látið í ljós fagnuð sinn með að styrjöldin skuli vera á enda.

Nixon forseti lýsti því yfir í ræðu sinni í nótt, að samkomulagið nyti fulls stuðnings Thieu

forseta Suður-Vietnam, enda væri í því gengið til móts við þær kröfur, sem Thieu hefði gert.

„Samkomulagið viðurkennir stjórnina í Saigon sem einu lögmættu stjórn S-Vietnam,“ sagði Nixon forseti.

Hann lagði áherzlu á, að þessi áfangi væri aðeins fyrsta skrefið í átt til friðar: „Allir aðilar verða að gera sitt til þess að friðurinn verði varanlegur. Það krefst meðal annars þess, að skilmálarinn verði virtir til fullnustu,“ sagði Nixon.

Indónesíu, Kanada, Póllandi og Ungverjalandi, sem annast eiga eftirlit með því að aðilar virði skilmálana, hefur þegar

verið tilkynnt um, að þau þurfi að hafa öryggisveitir sínar til taks innan þriggja daga. Gert var ráð fyrir í morgun, að William Rogers, utanríkisráðherra, mundi kalla ambassadora þessara ríkja á sinn fund í dag til að gera þeim nánari grein fyrir hlutverkum þeirra.

„Innan 60 daga eftir undirritun samninganna verða allir bandarískir stríðsfangar látnir lausir, og á sama tíma mun allt bandarískt herlið verða á brott úr Vietnam. — Það verður tryggt, að Suður-Vietnamar fái sjálfir að ráða stjórnarmálegri framtíð sinni,“ sagði Nixon forseti í nótt. Sjá nánar á bls. 5

**Sprengjuárásun
haldið áfram fram
á síðustu stund**

VÍSIR SPYR:

Ert þú hræddur við að flytja aftur til Vestmannaeyja?




Kristinn Pálsson, verkamaður: Það held ég varla. Það var ekki hræðsla, sem gerði það að verkum, að maður fór úr Eyjum. Það var miklu frekar eituroftíð, hölvuð brennisteinsfýlan.



Guðjón Stefánsson, trésmiður: Nei, ekki held ég það, maður færir óhræddur út í Eyjar aftur.



Adólf Sigurjónsson: Nei. Ég vonast til að komast sem fyrst heim aftur og ég mundi fara þangað á morgun, ef það væri leyft og væri ekki hræddur við það.



Sigurjón Eiríksson, verkamaður: Eg vil ekki bíða hérna, svo mikið veit ég. Eg hef ekki trú á að það verði mikið verra en það er núna, gosið.



Heiðar Arnason, iðnverkamaður: Eg er ekki í vafa um, að ég vildi fara aftur. Það yrði ekki óþrúvisi en það er núna. Ef svona lagab kemur fyrir aftur, átti maður líka að vita betur, hvernig maður á að standa að hlutunum.



Njáll Sværriðsson, netagerðar-meistari: Eg er auðvitað svolltíð smeykur, en ég mundi samt fara aftur strax og mér gæfist kostur á því. En maður veit ekkert, hvernig þetta fer.

SPÁÐI MIKLUM NÁTTÚRUHAMFÖRUM Á LANDINU Á ÞESSU ÁRI: ER SPÁDÓMURINN KOMINN FRAM?


Sagt er að Íslendingar séu hjátrúarfullir og trúgjarnir á spádóma í meira lagi. Margir Íslendingar hafa lagt það fyrir sig að spá fyrir öðrum og fyrir því hvað gerist í framtíðinni. Mörgum finnst harla furbulegt, hversu mikið af spádómum þessum kemur fram, en neita samt að leggja á þá fullan trúnað. Skiptar skoðanir eru auðvitað um þetta sem annað.

Kona ein hér á höfuðborgarsvæðinu, sem sjálf segist vera ósköp venjuleg kona, er talin hafa hæfileika til að sjá fyrir, hvað koma muni í framtíðinni. Í t. tbl. Vikunnar á þessu ári skýrir hún frá nokkru af því, sem hún segir að koma muni á þessu ári. Ekki vill konan láta nafns síns getið í Vikunni.

Spáir konan meðal annars eldgosí á árinu, líklega að hausti,

og telur sennilegt, að það verði Katla, sem láti í sér heyra. Konan segir, að Katla muni ekki valda spjöllum að ráði.

En einnig segir konan í Vikunni, að því miður verði aðrar náttúruhamfarir á árinu, sem töluverðu tjóni valdi. Ekki vill konan segja nánar um, hvers kyns þessar náttúruhamfarir verði og hvar, til þess að hræða



ekki fólk tekur hún fram, að ekki muni manntjón verða.

Þá er það spurningin, hvort eldgos það, sem varð í Heimaey, séu náttúruhamfarir þær, sem konan talar um. Ekkert manntjón varð í gosinu, og það veldur töluverðu tjóni. Nú getur hver haldið það, sem hann sjálfur vill.

—PM

„Er þetta hægt, karlar?“



„Er þetta hægt, konur?“ var fyrrisögn í smáfrétt í Vísi í sl. viku. Mig langar til að snúa þessu aðeins og spyrja heldur. „Er þetta hægt, karlar?“ „Eg held sem sagt, að sökina sé að miklu leyti að finna hjá hinu svokallaða sterka kyni. Halda menn, að það sé brist fram úr erminni að sinna heimilum og fullu eða hálfu starfi utan þess, eins og fjöldi kvenna gerir, og ætla svo jafnframt að berjast áfram í félags- og stjórnmálum? Það má líka benda á, að töluvert sjálfstraust, hæfni í ráðumennsku og framkomu þarf sú kona að sýna, sem ætla sér einhvern hlut á þeim miðum, þar sem karlmaðurinn hefur völdin að mestu. Manni virðist hvaða karli, sem áhuga hefur á að komast áfram á þessum sviðum, geta

tekizt það, þó mjög skorti bæði á framkomu og ráðsúnlid. En það er stutt í kerlingarskráð, ef okkur konum tekst ekki vel upp. Nú, karlar kjósa ekki gjarna konu til forustu, þó svo hún sé starfandi við hlið þeirra í félögum t.d. Hér er ekki eingöngu dáðleysi okkar kvenna um að kenna.

Annars er það kerfi, sem karlmaðurinn hefur komið á, svo þungt í vöfum, flókið og hrutleidið, að það þarf kannski engan að undra, þó við séum þess lítt fýsandi að taka þátt í skolla-leiknum.

Svanhildur Halldórsdóttir.

Fleiri urðu fyrir skotum — en hvað um þá?

Anna Auðbergsdóttir hringdi:

„Manni finnst gæta nokkurrar mismununar í þessari fjársöfnun, sem hafin er fyrir Hafstein, sem stórsilasáðist af byssuskotinu, þegar hann afvopnaði byssumanninn uppi í Breiðholti. Því að það eru til fleiri, sem hafa núna nýverið orðið fyrir svipuðu. — Eins og t.d. maðurinn, sem var fyrir byssuskoti á nýársnött.“

Hann er aldrei nefndur á nafn og verður þó greinilega að hofa fram á hálfis árs vinnutap vegna sára sinna. Og það sennilega bótafalaust, því ekki ná neinar tryggingar til slíks vöðaskots.

Eða, Elin — konan þarna, sem var fyrir skoti í brjóst og fot. Eftir því sem fréttir hefur, þá er

hún fyrirvinna síns heimilis og hefði vel þörf fyrir einhverja aðstoð. — En hún er ekki heldur nefnd á nafn.

Annars finnst manni það hreint furbulegt, að maðurinn, sem hélt á byssunni þarna á nýársnött og átti sök á þessu vöðaskoti, eins og það var nefnt — skuli hafa verið látinn laus aðeins 12 dögum eftir atvikinu.

Eins og þetta bar að, eftir því litla, sem blöðin hafa sagt af málinu, var þetta vægast sagt mjög duldarfullt, enda var maðurinn úrskurðaður í allt að 30 daga gæzlvarðhald. Það var sagt, að þessi 27 ára gamli maður, sem fyrir skotinu varð og fékk vist ein 30 högl eða svo í lærið, hefði komið í húsið til þess að fá lánaðan síma og hringja á bil. Rétt á meðan hann staldrar við, er hann skotin“.

Botntankarnir í Herjólfí

Sigurgeir hringdi:

„Fyrir nokkru var ég á ferð með Herjólfí á milli Eyja og lands, og tókum við félagi minn þá eftir því, að mikil bleyta myndaðist á gölfunni.“

Fyrst héldum við, að það hefði sporazt svona, en þó fannst mér bleytan ágerast undarlega mikið, og það vaknaði hjá mér forvitni, svo að ég færði þetta í tal við einn af áhöfnum. — Hvort dallurinn læki svona eða hvað?

Þeir voru nú ekki hissa á þessu. Þetta væru botntankarnir, sem væru orðnir ryðgaðir og nær ónýtir, og kæmi þessi bleyta frá þeim.

Það datt alveg yfir mig. Botntankarnir stjórna jafnvægi og stöðugleika skipsins, og það er ekkert smáræði, sem þar er í húfi. Nú vissi ég, að skipið var nýkomið, þegar þetta var, úr klússun. Auðvitað verður ekki vart við þetta, meðan skipið

liggur kyrrt við bryggju. En úti á sjó, þegar vellingurinn byrjar, kemur þetta í ljós.

Mér þykir þó alveg furbulegt, að skipið skuli fá háffærnisker-teini, svona á sig komið.

Það er sama, hvaða fiskidoria það er. Hún fær ekki háffærnis-skirteini, ef það vantar svo mikið sem lnu í bjarghring.

En farþegaskip fær að flytja fólk á milli lands og Eyja, þótt svona sé komið fyrir því.

Eg get ekki orða bundizt yfir því“.

Apótekin sendi lyfin heim

Jóhanna hringdi:

„Eg vildi koma á framfæri hugmynd, sem ég fékk eftir veikindi, sem komu upp á mínu heimili á dögnum.“

Við urðum fyrir því að leggjast öll veik í einu, svo að ekkert okkar átti heimangengt — og enginn gat sótt fyrir okkur lyf í apótekið.

En apótekin, þau senda ekki heim lyf.

Það væri þó mikið hagræði, og ég gæti vel imyndað mér viss

tilvik, þar sem slík heimsending lyfja væri lífsnauðsyn.

Almennar verðlanir senda húsmæður vörurnar heim og leggja höflegt sendingargjald á.

Eg get ómögulega séð að apótekin gætu ekki komið þessu á — einkanlega eftir að læknar tóku upp á því að hringja í síma til lyfjafélaganna og gera símleibis grein fyrir, hvaða lyf þeir vidu fá fyrir sjúklinga sína“.

Enginn nefnir „hinn manninn“


Sigurður Sigurbjörnsson hringdi úr Keflavík:

„Það var ágætis hugmynd að hefjast handa við fjársöfnun fyrir Hafstein, og vissulega á hann skilinn heidurspening fyrir auðsýnda heitjudað.“

En það er bara eitt, sem skyggir á. Það heyrst aldrei minnt einu orði á hinn manninn, sem aðstoðaði hann við að afvopna byssumanninn — það er rétt eins og hann væri duftið eitt og ekki umtalsverður hans þáttur í málinu.

Að mínu mati ætti hann líka skilið að fá heidurspening fyrir sína framgöngu.

Eða hvað hefði orðið, ef hann hefði ekki komið Hafsteini til aðstoðar?“



Guð refsí Íslandi

Hér í blaðinu birtist fyrir stuttu grínkvæði eftir brezkann mann, Roger Woddis. Kvæðið nefndi höfundur „Gott strafe Iceland.“ Nú hefur einn af lesendum blaðsins snúið kvæðinu á íslensku. Og hér sjáum við árangurinn:

Gott strafe Iceland.

Landar Nelsons, forynjur og fjöll,
fram með togurum ykkar, öll.
Saman undir fána vorum forna,
fjandanum litla og smáa skulum orna.

Hvi dirfist þessi bauna-byssu her
að bera á móti því sem heimur té.
A himnanna vogarskál vegur það meir okkar ló.
Vaskir á dekk fyrir drottningu, þorsk vorn og þjóð!

Veir þeirra Alþingi, vei þeirra forustumönnum,
vei þeirra brotum á lögunum gömlu í hrönnum.
Litit við, segja þeir, svona þæglega tug af öðlum,
en tundurspillar geta grandað fjöldum.


Og hvað ef þeirra frelsi unnið yrði tjón.
Atlantshaf er Bretlands fiskilón.
Okkar fornu hetjusögur illa þola þvott,
ef þjóbir litlar, smáar klippa ljónsins skott.

Það ber meira til þess en tilviljun ein,
að til oss frá Nató ekki hjálpin er nein.
Okkar snemmbæra vörn engri ógn væri lík,
án ratsjárinnar í Keflavík.

Að orrustum lokum þá munum vér þenjva vorum heim:
Við tókum þá glatt, já þeir fóru flatt,
þeirra kafsiglda líb mjög svo illa er statt.
Og skip okkar bruna full af fiski heim.

Steingrímur Þormóðsson

HRINGIÐ Í
SÍMA 866 11
KL 13-15



19 bílar í árekstri á Miklubraut í morgun

Snjófól sú, sem kom um áttaleytið í morgun, kom mörgum ökuþöfum í hálfgerð vandræði. Á mótis við bensínstöðvar Shell við Miklubraut lentu hvorki

meira né minna en 19 bílar saman rétt um áttaleytið. Fremsti billinn mun sennilega hafa hægt mikið á sér og varð það til þess, að annar fólksbíll skall aftan á hann, og svo kom sá þriðji

og rakst hann aftan á annan billinn. Bill, sem kom þarna að, hefur sennilega stöðvað þegar hann sá hina þrjú, og þá kom annar og keyrði aftan á hann, síðan vörubíll, sem einnig bættist við og

þannig koll af kalli, en blaðamaður taldi 19 bíla, sem þarna voru í langri röð, oftast þrjár og fjórir í hrúgu. Einn billinn, sá aftasti, hefur ætlað að forða árekstri við bíla fyrir framan, en það varð til þess, að hann skall

á ljósastaur og skemmdist töluvert. Skemmdir bílanna voru mismunandi miklar, en töluvert skemmdir urðu á nokkrum bílanna. Slys urðu ekki á mönnum. —B.M.

HEKLA TÓK 60-70 BÍLA


850 bílar í Eyjum — Flutningum varla lokið í dag

Edda Andrésdóttir, Eyjum í morgun: Það var mikið um að

vera á höfninni í Eyjum í morgun. Þrjú skip voru komin til Eyja, Hekla,

Laxfoss og Hofsjökull. Snemma í morgun var hafizt handa við að

koma sem mestu af bílunum niður að skipunum, sem flytja eiga þá á öruggan samastað.



Í Heklu fara í fyrstu ferð 60-70 bílar, en Laxfoss kom fulllestaður til hafnar og á að taka 20 bíla. Hekla siglir til Þorlákshafnar með bílana og á þegar í stað að halda aftur til Eyja og halda áfram flutningum. Um 850 bílar eru samtals í Vestmannaeyjum og harla ólíklegt, að hægt verði að flytja þá alla í dag. Herjólfur gengur þó einnig milli lands og Eyja, og mun hann einnig flytja bíla. Hofsjökull kom til Eyja í gær, og snemma í morgun var farið að skipa upp í hann um 2100 lestum af fiski, sem legið hafði í hraðfrystihúsunum. Fer Hofsjökull frá Eyjum á morgun.

Lögreglan og slökkvilið hafa tekið að sér að aka bílunum niður á höfn. Snemma í morgun kom lykiasending frá Vestmannaeyjum í Reykjavík, sem senda bíllykla sína til lögreglu og slökkviliðs.

Enn á sjúkrahúsi

Ingibjörg Ólafsdóttir, sem stungin var hnífi fyrir utan heimili sitt skömmu fyrir jól, er enn á sjúkrahúsi. Líðan hennar er þó góð að sögn móður hennar í morgun.

„Vart má þó búast við henni heim aftur fyrr en að hálfum mánuði líðnum hér frá“, sagði hún. Ingibjörg kom raunar heim á dögunum, en stanzadi þá stutt við. Ekki nema frá föstudegi til mánudags, en það var fyrstu helgina í þessum mánuði. —B.M.

ÓKEYPIS LÆKNIS-HJÁLP

Stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur hafa sent frá sér svohljóðandi fréttatilkynningu:

Í tilefni þeirra hörmunga, sem yfir íbúa Vestmannaeyja hafa dunið, hafa stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur beint þeim tilmælum til félagsmanna sinna, að þeir veiti fólki þaðan læknishjálpi án endurgjalds.

Sjötíu yfirfara skattskýrslurnar

Um 70 manns samtals vinna við það að yfirfara skattskýrslur hér á landinu. A skattstofunni í Reykjavík vinna samtals 26 manns við að yfirfara skýrslurnar. Við almenna deild eða einstaklingsdeildina vinna 13 manns, en við atvinnurekstrardeild 13 manns. Mikill meirihluti skattskýrsluina fer þó um almenningsdeild.

Geysimikil yfirferð er að grandskóða skattskýrslurnar og það tekur nærri því allt árið, þar sem svara þarf ýmsum fyrirspurnum og fara sérstaklega yfir ýmsa líði skýrslanna og þannig mætti áfram telja. 11 manns vinna eingöngu við endurskoðun, en alls starfa 63 manns á Skattstofunni í Reykjavík, meira og minna við yfirferð.

A Skattstofu Reykjanessumdæmis í Hafnarfirði starfa um 9

manns við að yfirfara skýrslur skattgreiðenda. Við yfirferð almennra framtala vinna fimm manns, en við yfirferð rekstrarframtala fjórir alls. Það má geta þess, að skattgreiðendur þar eru samtals 17.350. Það er að segja einstaklingar, en félag eru um 7-800 að tölu. Skattgreiðendur fyrir árið þar áður, það er að segja einstaklingar, voru samtals 16.570.

Á Skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra á Akureyri starfa alls 9 manns við að yfirfara skatt skýrslur. Lítið eða ekkert er þar skipt niður í deildir, en þeir einstaklingar, sem greiða skatt, eru 12.500 að tölu.

Á því er ríkisskattstjóri, Sigurbjörn Þorbjörnsson, sagði í viðtali við blaðið, munu þeir sem yfirfara skattskýrslur annars staðar á landinu, vera um 20-30 að tölu. — EA

FÁ 11-1200 NÝJA NEMENDUR Í SKÓLANA

„Við vitum, að barnaskólinn í Eyjum hafði um 740 nemendur og gagnfræðaskólinn rétt um 400“, sagði Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkur í viðtali við Vísir í morgun. En fræðsluskrifstofurnar í Reykjavík og nágrenni gera sig nú líklegar til að taka skóla-skylda Vestmannaeyinga til náms í skólum sínum.

„Miklar líkur eru einnig til þess, að við verðum að leita eft-

ir aðstoð kennaranna, sem koma frá Eyjum, en við eigum eftir að ræða við þá.“ sagði Jónas. Kvað hann fund hins vegar vera ráðgerðan með skólastjórum borgarinnar klukkan ellefu á morgun.

„Þó svo að við höfum tölurnar yfir nemendurnar, sem voru við nám í Eyjum, er ekki dæmið ljóst ennþá.“ hélt fræðslustjóri áfram. „Okkur er nefnilega ókunnugt um dvalarstað nemendanna í dag. Og dvalarstaður þeirra í dag kann allt eins að vera orðinn annar á morgun. Vestmannaeyingarinn eru allir á ferð og flugi þessa fyrstu

daga, en á föstudaginn gerum við ráð fyrir að dvalarstaðir þeirra verði ráðnir og þá verði hægt að velja þeim skóla í næsta nágrenni dvalarstaðar þeirra hvers fyrir sig.“

Hvenær svo skólaganga þeirra hefst í nýju skólunum er ekki fullvist, en það gæti vantánlega orðið strax í byrjun næstu viku, en að sögn Jónasar er sérstök áherzla lögð á að þeir unglingar, sem eru að ljúka mikilvægum prófum, eins og landsprófi, geti sem fyrst tekið þráðinn upp að nýju.

—B.M

„ÉG SKILDI EKKI ALLAN ÞENNAN ASA“

— segir írskur maður, sem er einn þeirra flóttamanna, sem eiga enga venzlamenn í Reykjavík

Vestmannaeyingunum var strax farið að fækka í skólunum, þegar blaðamaður Vísis og ljósmyndari fóru á stúfana í gærdag.

Búið var að tæma alla skóla nema Melaskólann og Sjómannaskólann.

Þegar okkur bar að garði í Melaskólunum, lá við að starfslið Rauða krossins væri fjölmennara en fólk frá Vestmannaeyjum. Svo til allir voru farnir út í bæ til vana og venzlafólks, sem mun hafa það í sínum húsakynnum, þangað til óhætt verður talið, að fólk fari aftur til síns heima.

„Móttökurnar hafa að okkar dómi verið með eindæmum góðar og allt hefur verið gert til að okkur gæti líðið sem best!“, sagði Kristinn Pálsson, en hans fjölskylda var inni í einni kennustofunni ásamt annarri átta manna fjölskyldu. Allir, sem í stofunni voru tóku undir þetta.

Við þekkjum því miður engan hér í Reykjavík, sögðu þau, en við erum ekkert hrædd um að við verðum sett út á gaddinn.

Sömu sögu var að segja með hinar fjölskyldurnar, sem þarna voru í skólunum, þar þekktu engan vel í Reykjavík, en voru þó engan veginn svartsýnar á framtíðina.

Það má raunar furðu gegna, hve margir Eyjaskeggjar eru vel kynntir í höfuðborginni og að ekki skuli vera nema lítið brot af þeim, sem þekkjá ekki vel til hér.

Í Sjómannaskólunum var sömu sögu að segja, fái voru þar, en nokkrir voru þó að koma til að láta skrá sig. Það hefur verið eitt mesta vandamálið í sambandi við alla framkvæmd á þessu hjálparstarfi, að margir eru týndir, vegna þess að þeir hafa ekki komist á skrá. Venzlafólk hringir

í Rauða krossinn til að fá að vita, hvar fólk er niðurkomið, en ef það hefur ekki látið skrá sig, veit enginn, hvar það er að finna.

Inni í matsalunum í Sjómannaskólunum var nokkur hópur fólks að fá sér að borða, en þar var boðið upp á heitan mat, sem hefur vafalaust verið vel þeginn eftir brauðið, sem allir fengu um morguninn.

Við komum auga á mann, sem okkur heyrðist vera útlendingur, og fannst okkur forvitnilegt að vita, hvað erlendur manni fyndist um allar þessar hamfarir náttúrunnar á Íslandi.

— Ert þú frá Englandi?

— Nei, í guðanna bænnum, þáan er ég ekki. Ég er Íri.

— Þú varst í Vestmannaeyjum, þegar öll ósköpin gengu á, var það ekki?

— Jú, og ég var vakandi, þegar



Þessi maður er Íri og hefur ferðast víða um heim í ævintýraleit. Hann fann svo sannarlega ævintýri á Íslandi.



Mikið var af blaðafólki og alls kyns öðru fólk í leit að upplýsingum, þar sem Vestmannaeyingarnir voru. Mátti minnstu muna, að sumir þeirra væru búnir að fá nóg eins og sumar filmstjörnurnar, sem mest eru í fréttum.

10 þús. kr. verðmæti stolið um hábjartan daginn

Úr ústillingarglugga hjá Myndsja, Laugavegi 96, var í gær, um hábjartan daginn, stolið hlutum að verðmæti 10 þúsund krónur. Var þar um að ræða seguband, ætlað í bil og filtera í myndavélar.

Á tímabilinu frá klukkan þrjú til klukkan fjögur var segubandinu, sem er stereo kasettusegulband átta rása, að verðmæti 8000 krónur, stolið úr glugganum ásamt hlutum í myndavélarnar, að verðmæti 1500–2000 krónur.

Útstillingarglugginn er á jarðhæð, en fyrirtækið sjálft er á þriðju hæð hússins. Til þess að opna útstillingargluggann þarf að fara inn í húsið, og það hefur einmitt verið gert. Má þó furðu gegna, að enginn skuli hafa orðið var við þjófnaðinn.

EKKI hefur verið stolið úr glugganum áður, en gerðar hafa verið tilraunir til þess. Talið er, að þeir sem tóku hlutina, muni reyna að koma þeim í sölu.



Heitur matur var á boðstólum í Sjómannaskólunum fyrir þá svanga Eyjaskeggja, sem lysti. Það var dugmikið líb, sem starfði við matreiðsluna og sparði ekki ofaní neinn.

Fréttirnar og fjölmiðlarnir:

ÞEGAR ÓTÍÐINDI GERAST

Ætli ýmsum hafi ekki orðið við á svipaðan veg, sem vöknudu við fréttirnar frá Vestmannaeyjum í gærmorgun. ? Fyrst í svip vissi maður ekki, hvort þetta var vaka eða draumur, martröð eða veruleiki. Nema náttúrulega Vestmannaeyingar sjálfir: Þegar þeir vöknudu var martröðin orðin að veruleika.

Lítill stúlka sagði frá þessari reynslu í sjónvarpsfréttum í gærdag, vonda draumnum sem allt í einu var farinn að gerast í alvöru. Frásögn hennar var, með sínu látlausa móti, einn hinn minnstæðasti vitnisburður um eldgos í Eyjum.

En hún var heldur ekki nema eitt af mörgum vitnum sem í gær greindu frá reynslu sinni svo að þjóðin öll lagði við hlustirnar. Eins og jafnan þegar ótíðindi gerast sýndi þá sig í gær hve skjótvirk og öflug öll fréttáþjónusta er á okkar dögum, einnig hér á landi. Það eru fréttamenn fjölmiðlanna sem fyrstir verða á vettvangi tíðindanna. — ef ekki fyrr þá samtímis hjálparsevitum og slysavarðliði

Þegar fréttirnar fluttust úr sjónvarpinu

Þess er skemmt að minnst að þegar fréttir bárust af jarðskjálftunum miklu í Nicaragua setti öflug og þó, vegna Ísland ingamma sem þar voru staddir. Þeirra vegna urðu þessi tíðindi mönnum enn nákomnari en ella hefði verið. Í fljótu bragði séð voru kannski einhverjir þeirra tapar staddir en nokkur maður var í Vestmannaeyjum í gær. Því að mest var um það vert að í fyrstunni voru allar fréttir góðar fréttir, eftir því sem um gat verið að ræða: engir fóstir í gosinu, byggðin í Eyjum ekki í hættu heldur að svo komnu, undra skjótur brottflutningur fólks af

hættusvæðinu. Það er líklegt að Almannaeyrnir hér á landi verði færri mönnum aðhlátarsefni hér eftir en hingað til: það var ein fyrsta ályktun sem dregin varð af morgunfréttunum í gær.

Areiðanlega hefur engan óráð fyrir því þegar fréttirnar bárust frá Nicaragua á dögnum að til svipaðra tíðinda mundi draga í næsta námunda fyrr en varði. Að hinu má svo leiða getur, hvort stöðugur fréttáflutningur alls kyns ótíðinda utan úr heimi, af náttúruhamförum engu síður en hamförum manns gegn manni í Nicaragua og Bangla Desh, Vietnam og Biafra, hafi átt einhvern hlut að rómaðri stillingu og rósemi heimamanna í Vestmannaeyjum þegar vöðinn barði að dyrum sjálfra þeirra — fréttirnar fluttu sig úr sjónvarpinu inn í stofu og út á götu.

Sjálfsgagt hafa flestir sett traust sitt á sjónvarpið um skjótar, glöggar og góðar fréttir af atburðum í Eyjum í gærdag og gærkvöldi: sjónvarpið hefur fyrir löngu rutt útvarpinu úr rúmi fyrir sér sem aðal-fréttamiðill landsmanna. Og það er víst óhætt að segja að í þetta sinn brást stofnunin ekki vonum manna enda um atburði að ræða sem kalla á frásögn í myndum. Í aukalegum fréttatíma þess um hádegjið var

eftir Ólaf Jónsson

veitt einkar greinargott yfirlit um atburðarsina í Eyjum og á landi alveg fram undir þann tíma að fréttirnar voru fluttar. En það var eins og fyrri daginn útvarpið sem fyrst flutti fréttirnar og langmestar og ytarlegastar fréttir daglangt í gær, þess umkomid þegar svo ber undir að segja frá atburðum því sem næst samtímis að þeir gerast. Dagurinn í gær varð einn af þeim sem menn vaktu útvarpið, vikja helzt ekki frá því, útvarpstæki nærtækt á hverjum vinnustað.

Blöðin og fréttirnar

Á við þessa fjölmiðla eiga blöðin undir högg að sækja þegar



tíðindi gerast með skjótum og óvæntum hætti. Enda urðu viðbrögð ekki ykja skjót: þrjú af fjórum morgunblöðunum komu út í gærmorgun en gosfréttanna. Aðeins Morgunblaðið reyndist þess umkomid að koma fréttum af atburðarás sem hófst á þriðja tímanum um nóttina inn í rúmlega helming af upplagi sínu. Og það var bæði kátlegt og grátlegt í senn að heyrja venjubundið pólitískt buldur blaðaleiðaranna upphefjast í daglegum morgunlestri útvarpsins að afloknum morgunfréttum frá Eyjum í gærmorgun, eins og ekkert hefði skeð.

En þegar blöðin höfðu drepið sig úr dröma fyrradagsins urðu einnig viðbrögð þeirra við fréttunum skjót og snöfurmáleg: bæði Tíminn og Þjóðviljinn komu aukablöðum á götuna, og væntanlega einnig áleiðis til áskrifenda, þegar í gærmorgun, og Morgunblaðið fylgdi sínum fyrstu morgunfréttum eftir með aukablaði eftir hádegji. Vísir nátt þess auðvitað, eins og stundum áður, að vera síðdegisblað, rétt eins og atburðirnir væru tímasettir við hæfi blaðsins.

Hér á það varla við að reyna til að meta hvernig blöðin og blaða-

menn leystu verk sitt af hendi í gær, enda vandgert í fljótu bragði. En einnig þau eru við því búin að segja skjótt og skilmerktlega frá tíðindum þegar miklir atburðir gerast, og það má vera að láti þeim betur en margt annað. Í fljótu bragði má virðast að þetta tækist mætablegt í gær. Morgunblaðið og Vísir virtist mér að flytja ytarlegastar og efnismestar frásagnir atburðanna, ástands og andrúmslofts í Eyjum, en Tíminn varð fyrstur til að koma fréttunum á prent, glöggum frásögnum sjónvarpta að atburðunum í einkar ásjalegu blaði. Það er helzt að Þjóðviljinn hafi orbið undir í þessari keppni — hábari útvarpi og öðrum heimildum en hin blöðin.

Og óneitanlega sýndu sig yfirburðir ofset-bladanna í myndprentun harla glöggt í gær, en einmitt myndafni þeirra gera blöðin útgengilegst og fréttunum þegar slík tíðindi eru annars vegar. Þó var einhver beztar mynd frá eldgosinu að svo komnu birt í aukablaði Morgunblaðsins í gær: skuggamynd hesta sem ber við eldhafið í bak-sýn. Asamt henni mundi ég nefna nokkrar myndir Vísis af þæjar-

byggðinni í Eyjum við baksvið eldanna.

Fréttir í lausu lofti ... og blöðin

En hvað er um blöð að tala þegar slíkir atburðir gerast.... Hvað sem blöðin reyna og gera verður tíðindasögn þeirra ævinlega á eftir fjölmiðlum í lausu lofti, útvarpi og sjónvarpi. Því þeir verður ekki séð nú fremur en endranær: eiginlegt verksvið blaðanna tekur nú á dögum við þar sem hinum fyrsta fréttáflutningi sleppir. Á það mun nú brátt reyna hvernig blöðunum tekst að leysa þau verk af hendi sem þær er að vinna.

Engu að síður bygg ég að það hafi komið á daginn í gær að fréttir eru þá fyrst numdar til fulls þegar þær hafa verið lesnar á prenti. Areiðanlega hefur dagurinn í gær verið einn hinn mesti blaðsölu- og blaðlestrar-dagur. Þegar miklir atburðir gerast, kannski enn frekar ótíðindi en góð tíðindi, sýnir það sig að blöð sin vilja menn hafa, góð eða vond. Í þessum kringum-stæðum brugðust blöðin areiðanlega rétt við í gær, hvert eftir sínum mætti.

Lárus Óskarsson skrifar um kvikmyndir:

Á kortérs millibili

Vilji fólk sjá og heyrna fimmaurabrandara á tonnatali, er því hér með ráðlagt að fara í Hafnar-bíó og sjá blómýndina „Varizt vætuna“. En fimm aura brandarar eru ekki það, sem þeir voru fyrir nokkrum árum svo er gengisfell-ingunum um að kenna, það má segja, að brandararnir í Hafnar-bíó séu á núverandi gengi.

stytztu máli það, að bandarískur bisnismaður fer með konu sína og dóttur í ferðalag til Evrópu og lendir fyrir misskilning í austan-tjaldslandi. Hann álpast út úr flugvélinni til að taka myndir af konu og dóttur, en eins og gefur að skilja er hann strax grunur um njósnir, og það endar með því, að hann verður að leita á náðir bandaríska sendiráðsins í landinu, þar sem þó er ekki hægt að taka við honum.

Vondi kommúnistinn er alltaf að reyna að ná í þau og hefur til þess ýmis klekjabróð, en verður ekki ágengt.

Söguþráðurinn er sveigður og beygður á ýmsan hátt til að hægt sé að koma sem flestum bröndurum fyrir. Það skal víðurkennt og metið, að maður brosir á

fimm mínútna fresti að vit-lesunni og hlær með kortérs millibili, en því miður er það fjarska lítil nýting, því að tilræði eru gerð við hláturtaugar áhorfenda tvisvar til þrisvar á mínútu hverri.

Frægastur leikara í „Varizt vætuna“ er Jackie Gleason, al-kunnur showkall í heimalandi sínu. Þar er hann talinn með fyndnari mönnum, en einhvern veginn held ég að amerískur húmor sé svölutíð ærslafenginn og yfirbróðskennur fyrir okkur hér norður undir heimskaupsbaug. Flestir brandarar Gleasons byggjast á því að gretta sig eða skamma konuna sína, og það var helzt, þegar honum tókst vel upp í því síðarnefnda, að það hafði til-ætlud áhrif á undirritaðan.

Sem dæmi um áhrifamátt Jackie Gleasons yfir maga-vöðum landa sinna mætti nefna eftirfarandi sögu:

„Jackie er með fastan þátt í bandarískum sjónvarpsstöðvum (show) og fær sér til lífsinnis gesti í þáttinn. Eitt sinn þegar Jackie ræddi við einn þessara



gesta sinna, segir sá við hann, að það sé aldeilis munur að vera eins snidugur og hann. „Það er ég viss um“, segir gesturinn, „að ekki þyrftir þú að gera annað en taka í eyrnasneppilinn á þér, þá færur allir í salnum að hlæja“. Og það gekk eftir. Þegar Jackie tók í eyrnasneppilinn, þó fóru allir að hlæja, sem í salnum voru.

En það er bara svo, að á sama hátt og menning þjóða er ólík, þá er kinninn líka mismunandi.

Þó er það líklega móðug við blessaða vinaþjóðina í vestri að segja, að hennar dæmigerði húmor komi vel fram í þessari kvikmynd. Það væri líklega miklu nær að segja, að þetta væri sá húmor, sem er vinsælastur í margnefndum skemmtiþáttum.

Sem kvikmynd er „Varizt vætuna“ vægast sagt mjög léleg og á raunar fátt sameiginlegt með kvikmyndum annað en að það, sem á tjaldinu sést, hefur verið fest á filmu. En ef fólk vill fara á bíó til að sjá algera vitleysu, þá getur það farið að sjá þessa mynd og fengið nokkra hlátra í kaupbæti.

GETUR VIKURBAKKINN BJAR

Frá Eddu Andrésdóttur, Vestmannaeyjum í gærkvöldi: Það var eins og ljós logaði í flestum gluggum húsanna í Vestmannaeyjum hér í kvöld. Því var þó ekki fyrir að fara. Rafveitumenn höfðu jafnvel séð um það fyrir þá íbúana, sem gleymt höfðu að slökkva ljós við hina hröðu brottför, að slökkva fyrir þá. Bjarma frá hinu gífurlega hraungosi sló hins vegar á alla glugga og eld-bjarma stafaði frá því á allan kaupstaðinn.

Gizkað er á, að eldtungurnar teygji sig upp í 100 metra hæð víða á sprungunni, en víðast hvar munu þær þó vera milli 40 og 60 metrar. Í kvöld virtist gosið vera að aukast talsvert, annars er erfitt að átta sig á nokkrum hlut í sambandi við eldgos, gosið herðir á sér eða þá að það linast á milli.

Bjargar vikurbarmurinn?

Skarð var farið að myndast í vikurbarminum og virtist hraun vera farið að vætla þar niður, en vikurbarmurinn er orðinn gífurlega hár. Gosið er allra mest við miðbik sprungunnar, en minnkar til hliðanna. Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur, gizkaði á í samtali

við blaðamann Visis, að sprungan sem liggur yfir allan austurhluta eyjarinnar væru u.þ.b. 1.5 km á lengd, en aðrir telja hana 3-4 kílómetra á lengd.

Breytt landslag

Fæstir Vestmannaeyingar mundu líklega kannast við landslagið á Heimaey þar sem eldstöðvarnar hafa leikið eyna verst. Sprungan liggur frá jaðri flugvallarins og milli Urðarvíta og Kirkjubæjar. Urðarvittinn orsmái er horfinn í eimyrjuna, en bæirnir í Kirkjubæ standa ennþá, en að baki þeim og nálægt þeim stendur hinn ógnarhá vikurveggur, sem gizkað er á að sé um 40 m á

hæð. Niður veggbarmana geysast glóandi hnullungar. Þar sem áður voru iðgræn tún bændanna er ekki lengur að sjá annað en kolsvarta breiðu vikursins, og víða nær vikurinn í ökkla manns. Þök húsanna og götur eru þakin þessum viðbjóði eldgossins.

Fullfermi flóttafólks

Nú eru aðeins örfáir eftir á Heimaey, og á morgun mun íbúunum enn fækka. Flestir forðudu sér fljótlega eftir að eldgosid byrjaði og þess má geta sem dæmi um hvað bátarnir gátu flutt til lands, að m.ö. Halkion sem er tiltölulega smár bátur fóru um 430 manns en 260 manns með Gjafari.

En aðrir kusu að bíða og vildu ekki skilja við heimili sín og fyrir-tæki. En í gærdag fóru þó margir Eyjabúa að koma aftur, þ.e. þeir sem ráða yfir bátum, og náðu þá í ýmsan fatnað og annað, sem gleymt hafði í óðagötinu, en þörf kann að verða fyrir í höfuðborginni.

Kl. 6 í kvöld kvað við hátt og óhugnanlegt væl í kaupstaðnum. Héldu margir að nú væri kominn upp eldur í húsnum næst gosinu, en þegar betur var að gáð, var verið að herða á síðustu mönnum úr Heimaey og áttu þeir að fara með varðskipunum Óðni og Ægi til Þorlákshafnar. Svo gerðu margir og í gærkvöldi hafa líklega verið innan við 100 manns á eyinni og sannarlega er hér eysiblegt umhorfs. Örfáir bílar sjáð á götum, aðallega lögreglu- og sjúkrabílar. Öðrum bifreiðum hefur verið komið niður að höfn og er ætlunin að flytja þá til Reykjavíkur. Fáir aðrir en skátar úr hjálparsvéitinni svo og lögregla og slökkviliðsmenn sáust á götum bæjarins.

Allt lokað

Allt er lokað í Vestmannaeyjum nú. Þótt ljós sjáist e.t.v. í búarglugga sést þar ekkert líf. Aðeins á einum stað gátu blaðamenn fengið keypta hamburgara til að seðja sárasta hungrið. Í gærkvöldi var svo þeim fáu sem í eygni voru, boðið að snæða kjöt í karrý í einu frystihúsanna.

Ög hvernig fer svo þetta gos að lokum? Ýmsar getgátur eru vita-skuld uppi um það. Sumir telja enga hættu á ferðum. Aðrir eru þungir á þrúna og búast við því á hverri stundu að nýjar sprungur myndist, sem skapað geti hættu fyrir mannvirkin í bænum. Ekkert óskufall var í kaupstaðnum í gærkvöldi. Vindáttin hefur verið hagstæð, sem er lán í óláni. Norðvestanvindurinn beindi eldtungunum framhjá bænum sjálfum í gærdag.

Margur Vestmannaeyingurinn, sem kominn hefur verið í skjól á meginlandinu hefur haft áhyggjur af venzlafólki í Eyjum. Vitum við til þess, að grátur og gnistran tanna hafi hljómað á margri simalínunni vegna þessa. Ekki þykir þó ástæða til að óttast, þar sem bátar eru við bryggjur og til taks ef á þarf að halda. Einnig eru flugvélar tilbúnar á flugvællinum. Erlendir fréttamenn fjölmenntu til Eyja í gærdag, og frönsk flugvél flaug yfir og myndaði í gríð og erg, en sneri síðan rakleitt suður á bóginn. Það var beðið eftir myndunum í dagblað í París.

Lögreglan rólegr

„Ög hvenær hyggist þið fara á brott?“ spurðum við þá á lög-reglustöðinni. „Ja, Surtseyjargos stóð nú í 3 ár.“ kimdu þeir og kváðust ekki geta sagt um það að svo stöðu en kváðust. vona að gosinu linnti svo menn gætu snúið heim á ný.

Lögreglan á í erfiðleikum með fleira en náttúruöflin. Einhverjir gerast furðu fingralangir á eigur fólksins, sem vörð að yfirgefa eyna svo snögglega.

Sextán lögreglumenn frá Reykjavík voru sendir til aðstoðar lögreglunni í Vestmannaeyjum, þegar gosið hófst. Á flugvællinum í fyrri nótt hittu Visismenn þá marga lögreglumennina og kváðust þeir hafa þurft að hafa svo hraban á, að sumir hefðu jafnvel klætt sig í spariskóna í misgripum!

Hvað verður?

En hvað gerist í athafnabænum, Vestmannaeyjum? Það er ekki undarlegt, að fólk velti þeirri spurningu fyrir sér. Flestir eru vonsviknir yfir vertíðarbyrjun sem þessari, og búast ekki við að hægt verði að fá fólk til starfa, þó gosið leyfi mönnum að flytjast til heimkyrna sinna fljótlega.

Ær því ekki við því að það fólk, sem flúið hefur frá Heimaey og komið er í örugga höfn í Reykjavík eða annars staðar komi hingað aftur bráðlega. Allavega er ólíklegt að fólk vilji koma meðan allt er logandi“, sagði



Sprengingar miklar urðu í gosinu í gær og reykblóstrar þryludust tugi kílómetra í loft upp. Þessi mynd var tekin eftir eina slíka sprengingu í gærdag. (Ljósmynd BG)

GÆÐ MILLJARÐAEIGNUM?



Lífið í fiskiþorpi getur orðið nokkuð iskyggilegt. Um það sannfærðust Bretarnir, sem ABC-sjónvarpið sendi hingað. Hér er myndað ofan á gígaröðina.

Magnús H. Magnússon bæjarstjóri, í viðtali við Visi í gær, en um það leyti dags voru margir Vestmannaeyingar að stíga á land að nýju til að hirða ýmislegt sem þeir höfðu skilið eftir. Magnús sagði, að heimamenn hefðu vonað að með Surtseyjar-gösinu hefðu menn vonast til að vera lausir við gos í 5000 ár eða svo, en því virtist ekki að heilsa.

Bjuggust við 5000 ára hvíld

Í gær var verið að reyna að koma bilum úr Eyjunum, en Magnús sagði, að e.t.v. gerði fólk sér ekki svo mikla rellu út af 200 þúsund króna bil, meðan það óttast að tapa 3-4 milljón króna húsi.

„Maður er vist á kúpunni hvort sem er“, sagði hann. Sagði hann að vitaskuld yrði allt gert til að bjarga verðmætum og bæjarstjórn kvað hann ekki yfirgefa eyna fyrr en í lengstu lög. Þó heyrðist það á sumum bæjarstjórnarmönnum, að ekki væri neitt annað að gera en að halda suður, í Heimaey væri ekkert verkefni lengur.

Öllum nautgripum var slátrað í Eyjum í dag, 50-60 gripum, en auk þess mun sauðfé og hross verða að fara sömu leiðina. Var gripunum smalað gegnum bæinn að einu fiskvinnsluhúsanna og var ætlunin að geyma þá þar, enda nóg til af heyjum. Hinsvegar var óttast að hlaupa þyrfti e.t.v. frá skeppunum í neyð og þótti þá

þetra að aflifa þær heldur en taka áhættuna.

„Lífið í fiskiþorpi“

„Lífið í fiskiþorpi á Íslandi“ var það yrkisefni sem ABC-sjónvarpsmennirnir frá London áttu að kvikmynda. Þeir komu til landsins á laugardaginn nokkrir saman í þessu skyni, en raunin varð allt önnur. Þeir komu beint í flasið á þessum mestu harðindum sem hér hafa orðið frá Móðu-harðindum, og kvikmynduðu allt saman að sjálfsögðu á litfilmur, sem yfirmenn þeirra verða væntanlega mun hrifnari af en lifinu í fiskiþorpi.

-EA.

MÁNUÐ Í NÝJA HÚSINU

„Mér hefur aldrei brugðið eins illilega“, sagði ungur Vestmannaeyingur. Leifur Gunnarsson, sem Visismenn heimsóttu í gærdag í Eyjum. Hús hans stendur mjög nálægt gosstöðvunum. „Ég er næstum farinn að halda að mér sé ekki ætlað að búa lengur hérna í þessu mánaðargamla húsi“, sagði hann og kímði, en hann, kona hans og tvö börn þeirra hafa búið þarna í fjórar vikur og bíða þess nú sem verða vill.

Þegar útidyrnar eru opnaðar blasir við hin mikla ægimynd, gígaröðin mikla. Það er engu líkara en að glóandi hnullungarnir muni á næstu andrá dýnja á gestum þarna í austurhverfinu nýbyggða. En fjarlægðin er þó meiri en hún virðist í fyrstu. Samt nóttráði allt undir fótum manns þegar

stærstu sprengingarnar kváðu við.

„Það var hringt í okkur skömmu eftir að gosið hófst“, sagði Leifur. „Það fyrsta sem ég gerði var að hlaupa út að dyrunum og kíkja út. Eg held ég gleymi aldrei þeirri sjón, sem blásti við mér þá. Og slíkt var ofboðið, að ég og konan töldum okkur ekki einu sinni hafa tíma til að klæða tviburana okkar, sem eru 5 ára gamlir, fórum með þau á náttfötunum, en fórum í eitthvað utan yfir okkur sjálf og skunduðum til foreldra minna hér skammt fyrir neðan. Þegar þangað var komið var lítið annað að gera en að halda niður að höfn og í næsta bát“.

En Leifur kom þó aftur til Eyja samdægurs til að lita eftir húsinu og finna til ýmsan klæðnað og annað sem fjölskylduna vanhagaði um.



Nýtt hús komið upp eftir margra ára strit, og nú er það spurningin, hver aðriffin verða? Hér stendur Leifur Gunnarsson fyrir framan hús sitt. Í morgun hafði hann bjargað öllum innanstokksmunum úr húsi sínu um borð í Halkion. (Ljós. Vísir BG)



Bilarnir bíða þögulir eftir sinni björgun til meginlandsins, þaktir hinu eittraða öskulagi sem leggur flest líf í auðn og skemmir bílvelar ef þær eru hafðar í gangi.

Vatn og rafmagn enn ekki í hættu

„Nei, vatnsleiðslunum og rafmagnsleiðslunum er ekki hættu búin enn sem komið er að minnsta kosti. Gosið í sjónum er ennþá kílómetra frá þeim stað, sem leiðslurnar liggja.“ sagði bæjarverkfræðingurinn í Vestmannaeyjum, Páll Zóphóníasson í viðtali við Visi í morgun.

Í gegnum símann heyrðust miklar gosdrunur og þegar blaðamaðurinn hafði orð á því við Pál, þá sagði hann að þetta væri ekki mikið, því að allir gluggar væru harðlokadír.

Þá spurðum við Pál hvaða afleiðingar það mundi hafa, ef gjósa tæki undir leiðslunum og þær eyðileggðust.

— Það mundi ekki verða svo mjög alvarlegt. Við höfum dieselrafstöð hér, sem gæti séð fyrir nægu rafmagni til allra nauðsynlegra nota. En hún er dýr í rekstri og rafmagnið yrði því miklu dýrara en það er núna. Hvað vatnsleiðsluna varðar, þá er gamla vatnsveitukerfið ennþá til, og það væri fljótlega hægt að taka í notkun, ef leiðslan úr landi færi í sundur. Auk þess eru brunnar við flest hús hér í Vestmannaeyjum, svo að einhverveginn mundi þetta bjargast.

— Það yrði sjálfsgagt metið þegar þar að kæmi, hvernig skemmdirnar væru og þá hvort

borgaði sig betur að leggja nýja leiðslu, eða gera við þá, sem fyrir er. Eg veit minna hvernig þetta gengi fyrir sig í sambandi við rafmagnsleiðsluna, en ég veit að hér er til 400 metra langur bútur af vatnsleiðslu, sem hægt væri að bæta með, ef skemmdirnar yrðu ekki því stórvægilegri.

— Að lokum, Páll, hefur ekki verið feikna mikið að gera hjá þér síðan ósköpin byrjuðu?

— Jú, það er vist óhætt að segja það, að minnsta kosti hefur ekki farið mikill tími í svefn. Eg lagði mig í klukkutíma í gærdag, því að ekki var sofið um nóttina og þrjá og hálfan tíma í nótt.

—LO

Ætlaði að kveða gosið niður

Lögreglan fann í gærdag mann einn, sem líklega hefur gætt sér einum um of á gúðaveigum þrátt fyrir eða vegna gossins í Eyjum. Hann stóð nálægt eld tungunni, þar sem gosið er hvað mest, og líkaði ekki allskostar við leik náttúruafllanna. Hann dó þó ekki ráðalaus og tók sig

til og fór að reyna að kveða gosið niður. Upphóf hann raust sína af öllum mætti, en ekki líkaði lögreglunum á athæfi mannsins. Náðu þeir í manninn, skutludu honum inn á flugvöll og komu honum á næstu vél til Reykjavíkur

—EA—

Erlendir blaðamenn fjölmenna á gosstöðvarnar

Fjölmargir blaðamenn og sjónfréttamenn útvarps- og sjónvarpsstöðva eru hér á landi í tilfinni af náttúruhamförnum.

A Hótel Loftleiðum einu saman eru á milli 40 og 50 fréttamenn. Þar á meðal eru menn frá BBC og þýzka stórbláðinu Stern. Flestir eru þó frá Norðurlöndum, frá útvarpsstöðvum, sjónvarpsstöðvum og stórbliðum.

Þó flestir blaðamennirnir búi líklega á Hótel Loftleiðum, þá eru fleiri staddir hér, svo að heildartalan væri líklega nær sextíu.

Nokkrir voru hér fyrir í sambandi við landhelgismálið og varnarmálin, en þegar gosið byrjaði í Vestmannaeyjum, þá sneru þeir sér að því að mynda það og skrifa um það. Meðal þeirra, sem voru hér fyrir eru sjónvarpsmenn frá brezku stöðinni ITV, myndatöku- og fréttalið frá norska sjónvarpinu og blaðamaður frá Daily Express. —LÓ

Minnst 10.000 milljónir af þjóðarauðnum í Eyjum

Fyrir utan bátafлотann, sem er upp á 3—4000 milljónir króna

Það er óhætt að fullyrða, að 2,5% af þjóðarauðnum a.m.k. liggja í Vestmannaeyjum eða álíka hlutfall eins og íbúar Vestmannaeyja eru í hlutfalli við landsmenn. Varla er hægt að gera ráð fyrir því, að mikið herra hlutfall af eignum þjóðarinnar liggja í Vestmannaeyjum. Efni íbúa landsins dreifast svo jafnt, sagði Sigfinnur Sigurðsson, framkvæmdastjóri sveitarfélaga á Suðurlandi, þegar hann var að aðstoða Vísi við að meta, hvað eignir Vestmannaeyinga væru miklar.

Heildarfasteignamat húsa í Vestmannaeyjum var 1650 milljónir króna seinast, þegar matið var gert, 1970. Þá tólu er óhætt að tvöfalda að minnsta kosti. Inni í þessari heildarupp-

hæð er matið á íbúðarhúsnæði t.d. 820 milljónir króna. Íbúðir í Vestmannaeyjum eru um 1300 talsins. Þar er myndarlega byggt og því hreint ekki fráleitt að telja íbúðina að meðaltali á 2 milljónir króna og þykir engum mikið. Samkvæmt því væri íbúðarhúsnæðið eitt að verðmætum um 2600 milljónir króna.

Efrit er að meta mannvirki eins og götur, gangstéttir, rafagnir, vatnslagnir o.s.frv. Þó má hikaust telja, að þessir hlutir leggi sig á einn milljarð. Hafnarmannvirkin í Eyjum má meta að minnsta kosti á 5-600 milljónir króna. Fyrir utan þetta kemur svo allt lausafé Vestmannaeyinga. Ef fyrst eru teknar persónl. eigur, þá eru þær

fljótar að fara upp í 1,5 milljón á hvert heimili með heimilisbílum, eða í 2 milljarða. Í Vestmannaeyjum eru um 800 bílar. Fyrir utan þetta koma svo vélar og tæki atvinnufyrirtækjanna, lager verzlunarfyrirtækja, iðnfyrirtækja og verkstæða.

Mjög stór hlutur af eignum Vestmannaeyinga liggur í hinum myndarlega bátafлотa þeirra. Í Vestmannaeyjum eru skrásettir 80 bátar auk smærri trillubáta. Þessi skip eru langflest innan við 10 ára. Sennilegt er, að þau leggi sig á 3-4 milljarða. Þessum hluta eigna sinna eru Eyjaskeggjar auðvitað þegar búnir að koma í heila höfn.

En þó að eignir Vestmannaey-

inga séu ef til vill ekki nema 2,5% af þjóðarauðnum, þá draga þeir betur björg í bú en flestir aðrir landsmenn. Að því er Sigurður Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja, sagði blaðamanni Vísis í gær, koma frá Vestmannaeyjum 12-15% af útlutningsverðmætum þjóðarinnar á hvert. Það er því myndarlegur skerfur, sem 2,5% þjóðarinnar hefur lagt til þjóðarbúsins.

Það þarf auðvitað ekki að leiða getum að því, hve alvarlegt áfall það er fyrir þjóðina, að þessi stærsta verstöð landsins er nú lömuð í upphafi vetrarvertíðar, helzta bjargræðistíma landsmanna. Nú voru meiri vonir bundnar við vertíðina en oftast áður vegna útlits fyrir mikla lobnuveibi og hátt lobnuverð.

—VJ

VERDMÆTUM BJARGAD ÚR ÍBÚÐUNUM

Edda Andrésdóttir, Eyjum í morgun:

Margur hver Vestmannaeyingurinn er farinn að tina hið verðmætasta úr hihýlum sínum. Í gærdag var mikið um það, að Eyjamenn kæmu til Eyja á bátum, eftir að þeir höfðu farið brott um morguninn. Illödu þeir þá á vörubíla húsgögnum og öðrum verðmætum og fluttu með sér burt.

Mikið var að gera hjá lögreglunni í morgun, og hafa beiðnir borizt um aðstoð við að koma húsgögnum á bryggju. Lögreglan hefur þó ekki getað aðstoðað fólk í þessum flutningum, og því litið annað fyrir Eyjabúa að gera en að leita að bílum. Vísis menn komu að áhöfninni á Halkion niður við höfn, þar sem þeir voru að koma fyrir búslöð sinni og bílum. Aftuðu þeir frá Vestmannaeyjum nú í morgunsárið. Sögu þeir, að við slíkum atburði sem þessum hefði mátt búast, en þrjár af áhöfninni eiga hús á stað, þar sem nokkur hætta gæti orðið á, að hraun rynni yfir.



Þegar Visismenn flugu yfir gosinu um kl. 11 í morgun, hafði það fært mjög í aukana í sprungunni frá Helgafelli norður að ströndinni. Annars rauk aðeins úr sprungunni. Hraunslætturnar virtust ná 2-300 metra

í loft upp og rann hraunið til austurs fram í sjó. „Varnar-

veggur milli sprungunnar og byggðarinnar var enn að hla-

ast upp. — orðinn 40-50 metra há.

TRÚLEGT AÐ GOSIÐ STANDI A. M. K. NOKKRAR VIKUR

segir dr. Sigurður Þórarinnsson. Hraunið kemur af tugkilómetra dýpi. Aukin eldvirkni á eystra sprungubeltinu.

Jú, þetta gos gæti hætt skyndilega, en þá væri ég hræddur um, að það gæti hafizt úr nýrri sprungu fljótlega á eftir, a.m.k. mundi ég vera hræddur um það í langan tíma á eftir, sagði dr. Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur í viðtali við Vísi í gær, þegar hann kom frá Vestmannaeyjum seinni hluta dagsins.

Sprungugos standa yfirleitt í margar vikur, og iðulega opnast nýjar sprungur nálægt fyrri sprungum. Eg mundi samt telja líklegra, að ef ný sprunga opnast í Heimaey eða við hana, mundi það ekki verða í sjálfri byggðinni. Yfirleitt er lengra á milli sprungna en svo, sagði Sigurður.

Þetta gos hagar sér að flestu leyti akaflega líkt og þegar Surtsey byrjaði að gjósa á nýjan leik 1966 eftir langi hlé. Nu eins og þá byrjaði gosið akaflega rölega, undanfarnir var mjög óveru- legur, en færðist síðan í aukana,

sagði Sigurður. Hins vegar minnr það í útliti á seinna gosið í Heklu í maí 1970, svokallað túristagos, nema þetta gos er helmingi meira.

Um allt eðli gossins, svo sem hraunmagn, hitastig og fleira, sagðist Sigurður ekki treysta sér að fullyrða án nánari könnunar. Líklega er það rúmlega 1100 stiga heitt, þegar það kemur upp. Hraunið í svona gosi kemur oft af margra tugkilómetra dýpi. Ef ekki væru líbin svo mörg ár síðan Surtseyjargosinu lauk, væri freistandi að lita á þetta gos nánast sem áframhald þess. Gosið er greinilega á sömu sprungunni og Surtseyjargosið, sem stóð nær óslitið öll árin 1963-67.

Dr. Sigurður Þórarinnsson staðfesti það álit Sigurðars Steinþórssonar, jarðfræðings, að eldvirkni virtist fara mjög vaxandi á eystra sprungubeltinu, en að sama skapi virtist draga úr því hér á vestra sprungubeltinu. Til marks um aukna eldvirkni á eystra beltinu má nefna Oskjugosið 1961, Surtseyjargosið 1963-67, Heklugosið 1970 og nú þetta

gos. Raunar hefðu verið mikil gos á Atlantshafshryggnum öllum undanfarnir ár. Fyrir utan mikla eldvirkni hér mætti minna á Azoreyjarn 1958, Tristan da Cunha 1961 og Jan Mayen 1970.

Ekki hefur gosið hér á vestra beltinu undanfarnir aldir, nema undan Reykjanesinu hefði alltaf gosið öðru hvoru fram á þennan dag. Síðast hefði verið vitað með vissu um slíkt gos í sjónum undan Reykjanesinu á áratugum 1920-30. Svo virtist raunar sem gos hefðu sífellt verið að færast sunnar og vestar hér á vestra sprungubeltinu. Þannig hefði Svinahraun yngra runnið ofan á Hellisheiðinni um árið 1000. Kapelluhraun og Trölladyngja hefðu svo myndast einhvern tíma á bilinu frá 13. til 15. aldar. Þetta segir þó engan veginn, að við getum treyst því, að ekki fari að gjósa í nágrenni höfuðborgarinnar, sagði Sigurður og staðfesti ummæli Karls Grönvólðs jarðfræðings, sem sagði, að með fullri vissu mætti fullyrða að einhvern tíma mundi aftur renna hraun í nágrenni Reykjavíkur. Það gæti orðið á morgun. Það gæti orðið eftir 10 þús. ár.

—VJ

BAUÐ ÞÚSUND MANNS Í MAT

Rauði krossinn sá um að taka á móti fólk þvi, sem flýja varð heimili sínu í Vestmannaeyjum. Var fólkinn fyrst komið fyrir í nokkrum skólum bæjarins, þar til það gat komizt til ættingja sinna og vina.

Að sögn Björns Tryggvasonar hjá Rauða krossinum gekk allt snurðlaust og stórkostlegt væri hvað allir hefðu lagzt á eitt til að hjálpa. Upp úr hádegjunni í gær var búið að koma öllum flóttamönnum fyrir, annaðhvort hjá ættingjum, eða einkaheimilum sem buðust til þess að taka við fólkinn.

Stefán Ólafsson, veitingamaður í Múlakaffi, sá um að allt fólkíð fengi heitan mat og kom upp eldhúsi fyrir fólkíð. Allir lærlingar í Framreiðsluskólanum voru kallaðir út til að vinna og sjá um að fólkíð fengi mat, undir stjórn skólalæris.

Sveinn Guðmundsson, forstjóri Hébins, tók 400 manns í mat, en hann hafði boðizt til að taka 1000 manns. Allir Vestmannaeyingarnir,

sem komu með bátum til Þorlákshafnar voru skráðir, og síðan keyrðir í hina ýmsu skóla, þar sem þeir fengu mat og aðra at- hlynningu áður en þeir gátu farið til ættingja sinna.

Að sögn Björns Tryggvasonar, stoppuðu ekki hringingarnar til Rauða krossins frá fólkí sem vildi taka fólk frá Eyjum inn á heimili sín. Eru 40 manns t.d. á einu heimilanna, sem er í Kópavogi. Leigubílstjórar öku Vestmannaeyingum í sjálfboðavinnu frá skólunum þangað sem þeir áttu að dveljast.

Í gærkvöldi kom Egir til Þorlákshafnar, en hann hafði sótt fólk til Eyja. Voru það allt karlmennt og dveljast þeir allir 11 að tölú á Hótel Esju.

Rauði krossinn mun verða Vestmannaeyingum til stuðnings áfram og veita fjárhagsstuðning. Einnig mun Rauði krossinn ásamt borgarstjórn og öðrum aðilum reyna að leysa úr hinum ýmsu vandamálum, sem hamfór- um í Vestmannaeyjum eru sam- fara. —PM